

## **Ársskýrsla Bókasafns Grindavíkur fyrir árið 2004**

Í Menningar- og bókasafnsnefnd sitja: Guðbjörg Ásgeirsdóttir, formaður (D), Kristjana Jónsdóttir, ritari (S) og Einar Lárusson, meðstjórnandi (B).

### **Safnkostur og þjónusta**

608 ný gögn voru skráð í Metrabókarkerfið 2004. Skírteinishafar eru um 1250. Í tilefni af 100 ára afmæli bókasafnsins, var stofnuð sérstök átthagadeild við safnið, sem halda á utan um allt útgefið efni í Grindavík. Er vonast eftir að þeir sem standa að útgáfu um efni tengt bænum, sendi safninu eintak til varðveislu. Innan deildarinnar verður líka myndasíða þar sem mannlífi í Grindavík verða gerð skil á vefnum í sérstöku myndaforriti. Undir haustið hefur verið unnið að því að tengja bókakostinn við hið nýja landskerfi – Gegni, en vonir standa til þess að taka kerfið alfarið í notkun á vormánuðum 2005.

### **Útlán og talning á komum**

Útlán á árinu voru tæplega 15.500 eintök, (ívið minna en á síðasta ári). Þau skiptast þannig: skáldsögur tæplega 6500, barnabækur tæplega 3300, fræðibækur og ævisögur rúmlega 4000 og annað efni fór samtals út í rúmlega 1700 eintökum. Enn er örllítill aukning milli ára í útlánum barnabóka, en á móti virðist bóklestur fullorðinna dragast saman, en eykst þó í tímaritum. Komur gesta á viku voru ívið færri en í fyrra eða ca. 210 miðað við 217 síðasta ár.

### **Fastir liðir og sérstakir viðburðir**

**Bókavikan** stóð dagana 20. - 26. apríl og var börnum boðið upp á leiksýningu á sumardaginn fyrsta í Kvennó – Möguleikhúsið sýndi leikþátt um Hatt og Fatt. Einnig var settur á svið leikur (eða „dularfullt morð“) og gestir hvattir til þess að skrifa stutta sögu um þennan ímyndaða atburð. Þrjár sögur bárust frá hugmyndaríkum krökkum.

**Dagur bókarinnar** var 23. apríl, þá var líka boðið upp á dagskrá í Kvennó. Þórarinn Eldjárn rithöfundur las úr verkum sínum, gunnskólanemendur lásu ljóð og nemendur Tónlistarskólans léku tónlist.

**Þann 10. október 2004**, var haldið upp á að 100 ár vori liðin frá því að fyrsti vísir að Bókasafni Grindavíkur varð til, en lestarfélagið Mímir var stofnað 1904. Öllum bæjarbúum var boðið til dagskrár í Salfisksetrinu, þar sem rithöfundarnir Guðbergur Bergsson, Hallgrímur Helgason, Viktor A. Ingólfsson og Ævar Örn Jóseppson lásu úr verkum sínum. Íslenskufraeðingurinn Katrín Jakobsdóttir fjallaði svo um íslenskar glæpasögur. Boðið var upp á kaffiveitingar með dagskránni og í upphafi hennar söng Rósalind Gísladóttir, en Guðrún Gunnarsdóttir lauk dagskránni svo með lögum Ellýar Vilhjálm. Veislustjóri var sr. Jóna Kristín Þorvaldsdóttir Um 150 manns sóttu boðið.

**Norræna bókasafnavikan** stóð dagana 8. til 14. nóv. Þema vikunnar var H.C. Andersen og var bókasafnið skreytt með klippimyndum skáldsins og fleiru. Einnig voru sett upp þema úr nokkrum vel þekktum ævintýrum hans í annan sýningarskápinn.

Síðustu daga fyrir jól fengu gestir að taka með sér „bóka-jólapakka“, sem þurfti svo auðvitað að skila með öðrum lánsbókum eftir jólin og voru margir, sérstaklega yngri lánþegarnir, tilbúnir að taka einn aukapakka með sér heim.

Grindavík, 15. janúar 2005,

Margrét R. Gísladóttir, forstöðumaður